

Nd.

539. Breytingartillögur

[152. mál]

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar á eftir orðinu „vinnslustöðvum“ orðist svo: vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.
2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 5 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Tilnefnir Seðlabanki Íslands einn fulltrúa í stjórnina, Landsbanki Íslands tvo og Útvegsbanki Íslands tvo. Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.
3. Við 9. gr. 2. málgr. orðist svo:

Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innstæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans.
5. Við 15. gr.
 - a. Upphaf fyrsta máls. fyrri málgr. orðist þannig:

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör og dráttarvexti, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann . . .
 - b. Síðasti másl. fyrri málgr. falli niður.
 - c. Í stað „1%“ í síðari málgr. komi: $\frac{1}{4}\%$.
6. Við 18. gr. 2. másl. 1. mgr. Orðin „einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum“ falli burt.
7. Við 20. gr. 2. mgr. Orðin „ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum“ falli burt.
8. Við 21. gr. Smáorðinu „ef“ sé bætt inn í upphaf stafliðanna c. og d.